

Fundargerð háskólaráðs

333. fundur daginn 12. september 2013

fundaherbergi 402, Borgum kl. 12.08 – 13.40

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.08.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins á Skype
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs á Skype
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor kynnti dagskrá.

1. Ráðning forseta hug- og félagsvíssindasviðs

1303019

Fundurinn er samráðsfundur, haldinn í samræmi við 15. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri en þar segir: „Rektor ræður forseta fræðasviðs til tveggja ára í senn að fenginni umsögn viðkomandi fræðasviðs og að höfðu samráði við háskólaráð.“

Umsóknargögn umsækjenda, niðurstaða dómnefndar og umsögn deildafundar hug- og félagsvíssindasviðs um umsækjendurna fjóra liggur fyrir og hafði verið sent háskólaráðsfulltrúum fyrir fundinn. Umsögn sviðsins er í formi atkvæðagreiðslu eins og 2. gr. reglna nr. 416/2012 um stjórnskipulag hug- og félagsvíssindasviðs kveður á um. Rektor greindi frá framkvæmd og niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Rektor sagði frá því að niðurstöðum deildafundarins hafði verið komið til fjlölmíðla af einhverjum fundarmanna áður en umsækjendum var greint formlega frá þeim. Forseti hug- og félagsvíssindasviðs, sem stjórnaði fundinum, hefur beðið umsækjendur afsökunar á þessu.

He
HGA
HG.
S)

Umræða varð um niðurstöðu deildafundar hug- og félagsvísindasviðs en umsögn fræðasviðs vegur þungt þegar kemur að samráði rektors og háskólaráðs. Háskólaráð var sammála um að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar á hug- og félagsvísindasviði endurspegli ekki eindreginn vilja fræðasviðsins og að ekki náðist fram afgerandi meirihlutaálit sviðsins eins og stefnt var að. Háskólaráð telur sig þarfnað meiri upplýsinga um umsækjendur en koma fram í dómnefndarálti, einkum það sem lýtur að hæfileikum til að móta og miðla framtíðarsýn og góðri samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum (sbr. hæfniskröfur sem gerðar eru í auglýsingu). Kynnt var tillaga um að háskólaráð leiti aðstoðar ráðningarástofu um að afla frekari upplýsinga varðandi hæfni umsækjendanna fjögurra.

Rektor greindi frá því að að gefnu tilefni hefur hann aflað munnlegs álits lögfræðings á því hvort hann er vanhæfur til að koma að ráðningu forseta hug- og félagsvísindasviðs vegna óbeinna tengsla við einn umsækjenda. Samkvæmt stjórnsýslulögum er rektor ekki vanhæfur. Lögfræðingurinn hefur einnig vakið athygli rektors á því að um matskennt vanhæfi getur verið að ræða skv. 1, mgr. 6. töluliðar 3. gr. laga nr. 37/1993 (stjórnsýslulög).

Rektor benti á að telji háskólaráð einhvern vafa geta leikið á um hæfi rektors í málinu getur það framselt ákvörðunarvald rektors til annarra stjórnenda, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Rektor vék af fundi.

Eftir umræðu um hugsanlegt vanhæfi rektors var niðurstaða háskólaráðs að hann væri ekki vanhæfur. En til að taka af allan vafa var ákveðið að fela honum að afla skriflegs álits utanaðkomandi lögfræðings á hæfi sínu til að koma að þessari ráðningu.

Einnig var ákveðið að háskólaráð leiti aðstoðar ráðningarástofu um að afla frekari upplýsinga varðandi hæfni umsækjendanna fjögurra. Rektor verði falið að finna ráðningarástofu til að sjá um að afla þeirra upplýsinga sem háskólaráð telur sig þurfa, sbr. það sem að ofan er sagt.

Rektor kom aftur inn á fundinn og voru honum kynntar niðurstöður háskólaráðs. Rektor var sáttur við þessar niðurstöður og mun fylgja þeim eftir.

Óskað verður eftir því við lögfræðing og ráðningarástofu að máli fái skjóta meðferð þar.



Háskólaráð mun koma aftur saman 30. september og í framhaldi af því má reikna með að endanleg ákvörðun um ráðningu geti legið fyrir.

Umsækjendum verður greint frá þessari niðurstöðu fundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

Herrum trúumfórtóðum
Hafdis Þinga Ástgernardóttir
Hóleflimur
Svanhildur Jónardóttir
Sv. B. Þóra